

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Árna Á. Þorkelssonar og Hildar S. Sveinsdóttur“ frá Geitaskarði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júní 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Árna Á. Þorkelssonar og Hildar S. Sveinsdóttur frá Geitaskarði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Árna Á. Þorkelssonar og Hildar S. Sveinsdóttur og er stofnaður af börnum og tengdabörnum þeirra.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er innstæða hjá Kaupfélagi Húnavetninga á Blönduósi, að upphæð 1. janúar 1942 kr. 5139.25 — fimm þúsund eitt hundrað þrjátíu og níu 25/100 krónur.

3. gr.

Sjóðurinn er ávaxtaður í Kaupfélagi Húnavetninga á Blönduósi og má stjórn sjóðsins ávaxta hann þar áfram meðan henni virðist það hagkvæmt, en skylt skal sjóðstjórninni að annast um að fé sjóðsins sé ávallt ávaxtað á sem tryggasta og hagkvæmasta hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að búnaðarframförum í Engihliðarhreppi, einkum á sviði jarðræktar, búfjárræktar og búnaðarháttá. Í þessu skyni veitir sjóðurinn einstökum mönnum innan hreppsins styrki eða verðlaun og skulu þeir, sem örðuga aðstöðu hafa til slíkra framkvæmda, ganga fyrir um fjárstuðning eða verðlaun, enda sýni þeir fölla viðleitni í búskapnum.

Sjóðstjórnin ákveður hverjir skuli njóta fjárveitingar frá sjóðnum og ræður afl atkvæða á fundum stjórnarinnar.

5. gr.

Þar til höfuðstóll sjóðsins er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur má sjóðstjórnin annað hvort ár úthluta samkv. 4. gr. eins árs vöxtum af fé sjóðsins, og fari fyrsta úthlufun fram árið 1943.

Eftir að höfuðstóllinn hefur náð 10000 kr. má árlega úthluta $\frac{2}{3}$ — tveimur þriðju — vaxtanna unz hann er orðinn 20000 kr. Úr því bætist ávallt $\frac{1}{10}$ — einn tíundi — vaxtanna við höfuðstólinn, en höfuðstólinn má aldrei skerða.

6. gr.

Hreppsnefnd Engihliðarhrepps hefur á hendi stjórn sjóðsins og er oddviti formaður sjóðstjórnarinnar, skal hún starfa kauplaust.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda bók yfir eignir hans, árlegar tekjur og gjöld og færa inn í hana ársreikning sjóðsins, en reikningsárið er almanaksárið.

Enn fremur haldi stjórnin gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, styrk og verðlaunaveitingar, ástæður fyrir þeim og annað, sem varðar hag og starfrækslu sjóðsins.

150

26. júní

Endurskoðun ársreikninga sjóðsins skal framkvæmd af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu og reikningurinn fram lagður á aðalfundi nefndarinnar til úrskurðar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

151

28. júní

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð til hjálparstöðvar í Reykjavík fyrir konur drykkjumanna“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. júní 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð til hjálparstöðvar í Reykjavík fyrir konur drykkjumanna.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 1000.00 minningargjöf frá konu í Reykjavík á afmælisdegi móður hennar 16. marz.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því, að komið verði á fót og starfrækt hið allra fyrsta hjálparstöð í Reykjavík fyrir konur drykkjumanna. Er stöðinni ætlað að hafa eftirlit með liðan slíkra kvenna og barna þeirra, og vita þeim leiðbeiningar og holl ráð í þrengingum þeirra og raunum. Sams konar hjálp skal og veita drykkfelldum mæðrum, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, svo og hvers konar gjafir og áheit, er honum kunna að berast. Er þess sérstaklega vænst, að menn styrki sjóðinn með minningargjöfum um mæður sínar, sem þrátt fyrir bág og erfið kjör hafa gefið mörgum syni og dóttur dýrmætar gjafir, sem ekki ætti að gleymast að þakka.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn: dómprófasturinn í Reykjavík, sem er sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar, fjórar konur, kosnar af sóknarnefndunum í Reykjavík til fjöggra ára í senn. Tilnefnið sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins eina, sóknarnefnd Hallgrímssafnaðar eina, sóknarnefnd Nessóknar eina, og sóknarnefnd Laugarnessóknar eina.

5. gr.

Sjóðsstjórnin skal vinna að því eftir mætti og á hvern þann hátt, er henni sýnist best henta, að koma hjálparstöð þessari á fót og hafa yfirumsjón með starfrækslu hennar. Er henni heimilt að verja til þess vöxtum sjóðsins, svo og árlegum tekjum hans, eftir að höfuðstóllinn er orðinn fullar 25 þúsund krónur.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórnin árlega senda biskupi Íslands ársreikninginn til endurskoðunar, svo og skýrslu um starfsemina á árinu.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.